

Ed.

170. Nefndarálit

[88. mál]

um frv. til laga um söluskatt.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin hefur athugað frv., en eigi getað orðið sammála um afgreiðslu þess. Mæla undirritaðir þrír nm. með samþykkt þess, en tveir nm., þeir BjörnJ og KK, tjá sig því andviga og munu skila sérálitum.

Tilgangur frv. er að bæta rikissjóði upp þann tekjumissi, er hann verður fyrir vegna afnáms 9% skatts á sölu og þjónustu, fyrirhugaðs afnáms tekjuskatts af almennum launatekjum, svo og þess, að áformað er, að bæjar- og sveitarfélög fái hluta af söluskatti þannig að þeim verði kleift að framkvæma lækkun útsvara. Er því ekki um auknar skattálögur í heild að ræða frá því, sem áður var, heldur aðeins breytingu skattstofna.

Við undirritaðir teljum þær breytingar til bóta og mælum því með samþykkt frv.

Alþingi, 11. marz 1960.

Ólafur Björnsson,
form., frsm.

Jón Þorsteinsson,
fundaskr.

Magnús Jónsson.